



## MOLDUN

### *Almennur söngur*

Allt eins og blómstrið eina  
upp vex á sléttri grund  
fagurt með frjóvgun hreina  
fyrst um dags morgunstund,  
á snöggu augabragði  
af skorið verður fljótt,  
lit og blöð niður lagði, -  
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi í Jesú nafni,  
í Jesú nafni eg dey,  
þó heilsa og líf mér hafni,  
hræðist ég dauðann ei.  
Dauði, ég óttast eigi  
afl þitt né valdið gilt,  
í Kristi krafti eg segi:  
Kom þú sæll, þá þú vilt.  
*Hallgrímur Pétursson*



## BLESSUN

### ÚTGÖNGULAG

*Fram í heiðanna ró*  
*Daniel E. Kelley – Friðrik A. Friðriksson*

*Prestur: Sr. Þóra Björg Sigurðardóttir*  
*Organisti: Sveinn Arnar Sæmundsson*  
*Tindatríó: Atli Guðlaugsson, Bjarni Atlason og*  
*Guðlaugur Atlason*  
*Útfararþjónusta Akraneskirku*

*Ástvinir þakka vinsemd og hlýhug*



## *Hannes Lárusson*

*Fæddur 11. apríl 1940*  
*Dáinn 25. desember 2020*



*Útför frá Akraneskirku*  
*miðvikudaginn 6. janúar 2021*

Tónlist fyrir athöfn

## FORSPIL

Ég skal vaka í nótt  
Jónas Tryggvason

## BÆN

Almennur söngur

Hærra, minn Guð, til þín, hærra til þín, enda þótt öll sé kross upphæðin mín.	Sofanda sýndu þá sólstigans braut upp í þitt eilífa alföðurskaut.
Hljóma skal harpan mín: ::: Hærra, minn Guð, til þín, ::: hærra til þín.	Hljómi svo harpan mín: ::: Hærra, minn Guð, til þín, ::: hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð  
lukkunnar hjól,  
hátt yfir stund og stað,  
stjörnur og sól,  
hljómi samt harpan mín:  
::: Hærra, minn Guð, til þín, :::  
hærra til þín.

Adams - Matthías Jochumsson

## RITNINGARORÐ



Dag í senn, eitt andartak í einu,  
eilíf náð þín, faðir, gefur mér.  
Mun ég þurfa þá að kvíða neinu,  
þegar Guð minn fyrir öllu sér?  
Hann sem miðlar mér af gæsku sinni  
minna daga skammt af sæld og þraut,  
sér til þess, að færa leið ég finni  
fyrir skrefið hvert á lífs míns braut.

Hann, sem er mér allar stundir nærri,  
á við hverjum vanda svar og ráð,  
máttur hans er allri hugsun hærra,  
heilög elska, viska, föðurnáð.  
Morgundagsins þörf ég þekki eigi,  
það er nóg, að Drottinn segir mér:  
Náðin mín skal nægja hverjum degi,  
nú í dag ég styð og hjálpa þér.

Guð, ég fæ af fyrirheitum þínum  
frið og styrk, sem ekkert buga má.  
Auk mér trú og haltu huga mínum  
helgum lífsins vegi þínum á,  
svo að ég af hjartaþeli hreinu,  
hvað sem mætir, geti átt með þér  
daginn hvern, eitt andartak í einu,  
uns til þín í ljóssins heim ég fer.

O. Ahnfelt - Sigurbjörn Einarsson

## RITNINGARORÐ

## EINSÖNGUR

Rósin

Friðrik Jónsson - Guðmundur Halldórsson

## GUÐSPJALL

Nú legg ég augun aftur,  
ó, Guð, þinn náðar kraftur  
mín veri vörn í nótt.  
Æ, virst mig að þér taka,  
mér yfir láttu vaka  
þinn engil, svo ég sofi rótt.

Foersom - Sveinbjörn Egilsson

Ég fel í forsjá þína,  
Guð faðir, sálu mína,  
því nú er komin nótt.  
Um ljósið lát mig dreyma  
og ljúfa engla geyma  
öll börnin þín, svo blundi rótt.

Matthías Jochumsson

## MINNINGARORÐ

## TVÍSÖNGUR

Undir dalanna sól

Hallgrímur Jónsson frá Ljárskógum - Björgvin P. Valdimarsson

## BÆN / FAÐIR VOR

Yndislega ættarjörð,  
ástarkveðju heyr þú mína,  
þakkarklökkva kveðjugjörð,  
kveð ég líf þitt, móðir jörð.  
Móðir bæði mild og hörð,  
mig þú tak í arma þína.  
Yndislega ættarjörð  
ástarkveðju heyr þú mína.

Blessuð sértu sveitin mín,  
sumar vetur, ár og daga!  
Engið, fjöllin, áin þín  
- yndislega sveitin mín! -  
heilla mig og heim til sín  
huga minn úr fjarlægð draga.  
Blessuð sértu, sveitin mín,  
sumar, vetur, ár og daga!

Bjarni Þorsteinsson

Sigurður Jónsson frá Arnarvatni

